

1865.

6. okt.

á úrslit þessa atviðis. Hvað snertir hina aðra spurninguna, það er að segja, hvort það atvik, að Hannes Bjarnason fór úr vist sinni í Strandarhrepp tveim dögum fyrir hjúaskildaga eða 12. dag maímán. 1857, eigi að gjöra að verkum, að hann ekki geti álitizt hafa verið full 10 ár í Strandarhrepp, þá hlýtur stjórnarráðið að vera á því máli, að, með því að gjöra má ráð fyrir, að hann hafi verið ráðinn í vist sína í Strandarhrepp til 14. maímán., og það því ekki verður skoðað öðruvísi en sem greiðvikni af hálfu húsbónda hans, sem þá var, að honum var leyft að fara úr vistinni fáum dögum fyrir hjúaskildaga, af því að hann átti að vera formaður á bát frá byrjun vorvertíðarinnar í hinni nýju vist sinni, þá eigi þessi tilviljun ekki að vera því til fyrirstöðu, að álitid sè að hann hafi verið í vist sinni í Strandarhrepp allan þann tíma, sem samið var um, eða til hjúaskildaga 1857, smbr. einnig kansellíbréf 18. aprílmán. 1843, niðurlagið.

Með því að stjórnarráðið samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, fær ekki betur sæð, en að Hannes Bjarnason hafi áunnið sèr framfærsluhrepp í Strandarhrepp, hljótum vèr að fallast á þann úrskurð stiptamtsins, að ekkja hans og börn eigi þar framfærsluhrepp.

13 fylgiskjöl eru send aptur.

7. okt.

84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilning orðanna „lausamenn“ og „húsmenn“ í tilskipun 26. maímán. 1863.

Eptir áskorun Stefáns Thórarensens, sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, hafið þèr, herra amtmáður, í bréfi dags. 19. janúarmán. þ. á. farið þess á leit, að með því að ekki sè ákveðið í tilskipun 26. maímán. 1863, hverja menn beri að álíta lausamenn og hverja húsmenn, þá verði þessi orð, „lausamenn“ og „hús-

menn", nákvæmlega einskorðuð og ákveðin með laga skýring eptir löggjafann sjálfan.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að dómsmálastjórninni þykir ekki vera ástæða til þess að hlutast til um, að orð þessi verði skýrð á þann hátt, sem þér hafið vikið á, og skal um þetta efni getið þess, sem fylgir hér á eptir. Það hefir ekki verið svo til ætlað, að tilskipun 26. maímán. 1863 gjörði neina breyting á ákvörðunum þeim, sem áður giltu um það, á hverjum skyldan til að fara í vist hvíli, eða að setja neinar nákvæmari reglur um, hverja menn beri að álíta lausamenn og hverja húsmenn. Það verður því nú eins og áður að skera úr þesskonar spurningum eptir hinum eldri lögum, einkum tilskipun 19. febrúarmán. 1783 og reglugjörð 8. janúarmán. 1834 VII 20. og 21. gr., og það væri þeim mun fremur ísjárvert að fara að skýra þessar gömlu ákvarðanir með lagaboði, sem það er mjög líklegt, að farið hafi verið eptir ólíkri venju í hverju umdæmi um sig, þegar skorið hefir verið úr spurningum þessum. Í þessu efni skal þess getið, að í frumvarpi því, sem Reykjavíkur-nefndin hafði samið til tilskipunar um vinnuhjú og um lausamenn og húsmenn, var eins og þér munuð muna, í kaflann um húsmenn tekin grein (2. grein), sem átti að gjöra greinarmun á lausamönnum og húsmönnum, að amtmaðurinn í vesturumdæminu féllst á hana, en apturámóti lögðuð þér á móti henni, herra amtmaður, í álitsskjali yðar um frumvarpið, dagsettu 10. ágústmán. 1860, og að það þókti réttast að sleppa þessari ákvörðun í frumvarpi stjórnarinnar, einmitt af því að amtmennirnir voru ekki samdóma um þetta atriði.

1865.

7. okt.

85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um gjaldfrest á láni til Snæfellsnessýslu.

7. okt.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfum dagsettum 23. janúarmán. og 6. maímán. f. á. farið þess á leit, að íbúum Nes hrepps